



Skagfirsk náttúra 2008

Fræðsludagur um náttúrufer Skagafjarðar verður haldinn á Sauðárkróki á vegum Náttúrustofu Norðurlands vestra laugardaginn 12. apríl næstkomandi.

Guðmundur Guðlaugsson sveitarstjóri Skagafjarðar mun setja fræðsludaginn og Þórunn Sveinbjarnardóttir umhverfisráðherra mun að því loknu flytja gestum ávarp. Í kjölfarið hefst fyrirlestraröð sem mun standa yfir daginn. Þar verður komið víða við á ýmsum sviðum er lúta að náttúruferi Skagafjarðarhéraðs.

Fuglalíf
Vatnsföll
Jöklar
Jarðhiti
Landmótun

Gróðurfar
Umhverfissaga
Ferðamál
Menningarminjar
o.fl.

Fyrirlestrar verða stuttir (15 mín. hver) og verður kaffisopinn aldrei langt undan.

Fyrirlestrar verða haldnir í sal Frímúrara að Borgarmýri 1 á Sauðárkróki. Að fyrirlestrahaldi loknu verður boðið upp á veitingar í boði Sveitarfélagsins Skagafjarðar og Skagafjarðarveitna í húsnæði Náttúrustofu Norðurlands vestra að Aðalgötu 2 og aldarafmæli þessa merka húss fagnað.

Formleg dagskrá fræðsludagsins hefst kl. 9:00 og lýkur kl. 15:45

Fræðsludagurinn er öllum opinn að kostnaðarlausu. Nánari upplýsingar um dagskrá fræðsludagsins er að finna á vefsíðunni www.nnv.is.

